

## FRÉTTATILKYNNING

6. desember 2001

### **Samkeppnisráð leggur sekt á Skífuna hf. vegna misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu þess.**

**Samkeppnisráð hefur komist að þeirri niðurstöðu að í samningi Skífunnar hf. og Aðfanga hf. um einkakaupasamning á hljómdiskum felist alvarlegt brot Skífunnar á samkeppnislögum. Með samningnum hafi fyrirtækið misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Samkeppnisráð hefur gert Skífunni að greiða 25 milljóna króna sekt í ríkissjóð vegna þessa brots. Eftir breytingar á samkeppnislögum sem tóku gildi fyrir réttu einu ári er það meginregla að leggja skuli stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn bannákvæðum samkeppnislaga.**

Skífan og Hagkaup, f.h. Aðfanga, gerðu með sér samning í apríl 2001, sem gilda átti í tvö ár, sem fól í sér að Aðföng keyptu nær alla geisladiska til endursölu í verslunum Baugs hjá Skífunni. Samningurinn útilokaði, nánast að fullu, önnur heildsölu- og dreifingarfyrirtæki á hljómdiskum en Skífuna frá því að koma geisladiskum í sölu í verslunum Baugs fram á árið 2003. Japís hf. reyndi án árangurs að semja um að koma hljómdiskum í dreifingu í verslanir Baugs. Samningurinn við Skífuna kom í veg fyrir það. Japís og Félag íslenskra hljómlistarmanna sendu samkeppnisyfirvöldum erindi vegna þeirra samkeppnishindrana sem samningur Skífunnar og Aðfanga felur í sér.

Einkakaupa- eða einkasölusamningar eru í eðli sínu samkeppnishamlandi. Þegar fyrirtæki sem er í markaðsráðandi stöðu gera slíka samninga hafa þeir skaðlegar samkeppnishömlur í för með sér. Skífan hefur yfir 70% hlutdeild á markaðnum fyrir heildsölu og dreifingu á hljómdiskum. Fyrirtækið hefur auk þess styrka stöðu í smásölu á hljómdiskum. Það styrkir einnig stöðu Skífunnar að fyrirtækið er í eigu Norðurljósa samskiptafélags hf., en það félag á og rekur margar sjónvarps- og útvarpsstöðvar.

Í máli því sem hér um ræðir kemur fram að Skífan lagði á það áherslu við gerð samningsins við Aðföng að hann væri einkakaupasamningur og Skífan sæi um að velja nær allt efni til sölu í verslunum Baugs. Með því að veita tiltekinn afslátt knúði Skífan fram samninginn. Gögn málsins bera það einnig með sér að samningurinn hafi verið gerður til að útiloka kvartanda í málinu og aðra keppinauta frá markaðnum og þannig haft þann tilgang að styrkja eða viðhalda markaðsráðandi stöðu Skífunnar. Með vísan til aðstæðna og gagna málsins telur samkeppnisráð að umræddur samningur feli í sér misnotkun Skífunnar á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins og teljist vera alvarlegt brot á 11. gr. samkeppnislaga.

Markaðsráðandi fyrirtæki geta með aðgerðum sínum raskað samkeppni og skaðað hagsmuni neytenda. Leggja samkeppnislögin því ríkar skyldur á herðar slíkra fyrirtækja svo þau vinni ekki gegn markmiðum laganna. Í þessu máli telur

samkeppnisráð nauðsynlegt að beita sektum til að tryggja að Skífan láti af lögbrotum í framtíðinni og telur samkeppnisráð hæfilegt að leggja 25.000.000 kr. sekt á fyrirtækið

Breytingar á samkeppnislögum tóku gildi í desember 2000. Breytingunum er m.a. ætlað að tryggja að meginreglan verði sú að stjórnvaldssektir verði lagðar á fyrirtæki ef þau brjóta bannreglur samkeppnislaga. Sektum skv. samkeppnislögum er ætlað að vera mikilvægt tæki til að tryggja að markmið samkeppnislaga náist. Sektirnar hafa það hlutverk að fæla fyrirtæki frá því að raska samkeppni og skaða hagsmuni neytenda. Fjárhæð sekta í þessu máli miðast m.a. við að þær hafi þessi varnaðaráhrif.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 40/2001 (22 bls.) er unnt að nálgast á heimasíðu Samkeppnisstofnunar: [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is).